

Brot úr sögu bankans og sögu peningamála

- 1961 Seðlabankinn varformlega stofnaður 29. mars. Starfsemi hefst 7. apríl. Bankanum veittur réttur til útgáfu seðla.
- 1962 Bankinn fær skýra heimild til að taka erlend lán fyrir ríkið.
- 1967 Bankinn fær einkarétt til að slá og gefa út mynt (hafði áður rétt til seðlaútgáfu).
- 1967 Gengi krónunnar fellt um 24,6%.
- 1968 Gengi krónunnar fellt um 35,2%.
- 1968 Lög um gjaldmiðil Íslands (gjaldmiðilslög). Seðlabankanum falin útgáfa myntar.
- 1974 Hagtölur mánaðarins fyrst gefnar út.
- 1976 Vaxtaaukafyrirkomulagi komið á.
- 1977 Starfsmenn fá lögvarinn samningsrétt.
- 1979 Ólafslög sett og verðtrygging fjárskuldbindinga tekin upp með viðmiðun við lánskjaravísitölu.
- 1981 Gjaldmiðilsbreyting - verðgildi krónunnar hundraðfaldað.
- 1985 Verðbréfafing Íslands stofnað að tilstuðlan S.Í.
- 1986 Ný lög um Seðlabankann - vaxtafrelsi staðfest.
- 1987 Seðlabanki Íslands flyst í eigið húsnæði við Arnarhól.
- 1989 Gengi krónunnar fest - þjóðarsátt.
- 1992 Samningur um að fjármögnun ríkissjóðs fari ekki fram í gegnum Seðlabankann tekur gildi.
- 1993 Gjaldeyrismarkaður stofnaður og vikiörk gengis leyfð $\pm 2,25\%$.
- 1995 Vikmörk gengis vikuð í $\pm 6\%$.
- 1998 Umfangsmiklar breytingar á stjórnækjum bankans.
- 1999 Bankaæftirlitið flyst frá Seðlabanka Íslands og myndar Fjármálaæftirlit ásamt Vátryggingaæftirliti.
- 1999 Peningamál hefja göngu sína.
- 2000 Vikmörk gengis vikuð í $\pm 9\%$.

- 2001 Verðbólguþéttur tekið upp og vikið af gengis afnumin.
- 2001 Lög um Seðlabanka Íslands samþykkt.
- 2005 Fjármálastöðugleiki hefur göngu sína.
- 2009 Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands samþykkt. Í stað þriggja manna bankastjórnar þar sem einn gegnir stöðu formanns kemur einn seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri. Peningastefnunefnd, skipuð fimm mönnum, þ.e. seðlabankastjóra, aðstoðarseðlabankastjóra, yfirmanni á sviði mótunar eða stefnu í peningamálum og tveimur sérfræðingum á sviði efnahags- og peningamála sem ráðherra skipar til fimm ára í senn, tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum.
- 2011 Seðlabanki Íslands fagnar fimmtíu ára starfsafmæli.
- 2013 Lögum um Seðlabanka Íslands breytt þannig að bankinn fær skýrt hlutverk til að stuðla að fjármálastöðugleika.
- 2013 Fjármálainnviðir hefja göngu sína.
- 2014 Fjármálastöðugleikaráð stofnað. Það er formlegur samstarfsvettvangur stjórnvalda um fjármálastöðugleika. Í ráðinu eiga sæti fjármála- og efnahagsráðherra, sem er formaður, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Enn fremur stofnuð kerfisáhættunefnd sem starfar fyrir fjármálastöðugleikaráð og gerir tillögur til ráðsins. Seðlabankastjóri er formaður kerfisáhættunefndar.